

Ályktun þingflokks Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um stöðu efnahagsmála

Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs kom saman til fundar í dag, mánudaginn 21. júlí, og ræddi horfur í efnahags- og atvinnumálum. Í lok fundar var eftirfarandi ályktun afgreidd og sömuleiðis samþykkt að senda meðfylgjandi bréf:

Þær alvarlegu horfur sem nú eru í efnahags- og atvinnumálum Íslendinga voru fyrirsjáanlegar og við þeim var varað af Vinstrihreyfingunni – grænu framboði allt frá árunum 2004-2005. Hinar ofvöxnu stóriðjufjárfestingar, skattalækkanir á þenslutímum, skuldsett útrás og gáleysisleg framganga nýeinkavæddra banka leiddi ásamt fleiru af sér þenslu, verðbólguþrýsting og geigvænlegan viðskiptahalla sem að lokum hlaut að verða til stórfelldra vandræða í efnahags- og atvinnulífinu. Hagvöxtur reyndist í allt of miklum mæli byggður á erlendri lántöku og aukinni skuldsetningu þjóðarbúsins og var um of neyslu- og eyðsludrifinn.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð gerði meira en benda á hættunarnar og vara við þeim. Allt frá árinu 2005 hafa þingmenn VG flutt á Alþingi tillögur um nauðsynlegar aðgerðir til þess að endurheimta efnahagslegan stöðugleika og ná tókum á hagstjórn í landinu. Því miður brugðust bæði fyrrverandi og núverandi ríkisstjórn skyldum sínum og flutu sofandi að feigðarósi. Ekki einu sinni á síðari hluta síðasta árs og fyrri hluta þessa árs, þegar öllum var orðið ljóst að í hreint óefni stefndi, greip ríkisstjórnin til neinna marktækra aðgerða og það litla sem frá henni hefur komið hefur reynst of lítið og komið of seint. Almennigur í landinu, skuldsett heimili og atvinnulíf bera nú byrðarnar og greiða herkostnaðinn af hagstjórnarmistöðum og röngum áherslum í efnahags- og atvinnumálum undangengin ár. Almennigur er þess einnig meðvitaður að lausnin er ekki að efna til nýrrar stóriðjuþenslu- og útrásarveislu. Almennigur, félaga- og hagsmunasamtök krefjast nú aðgerða og er jafnvel svo komið að auglýst er eftir ríkisstjórninni.

Þingflokkur Vinstri grænna flutti frumvarp um ráðstafanir í efnahagsmálum á Alþingi á sl. vetri. Þá hefðu tímanlegar aðgerðir til að strykja gjaldeyrisvaraförðann, efla innviði íslensks samfélags, verja lífskjörin, fulla atvinnu og velferð getað skipt sköpum og forðað verulegum auknum vanda sem nú er upp kominn. En ríkisstjórnin aðhafðist ekki, beið og reyndi að telja sjálfri sjálfri sér og þjóðinni trú um að það væri skynsamlegt. Biðin stendur enn og óvissan magnast nú dag frá degi.

Það tekur þó steininn úr þegar ráðherrar í ríkisstjórninni og einstakir talsmenn stjórnarflokkanna eyða orkunni á miðju sumri í rífrildi um Evrópumál. Samfylkingin virðist hafa tekið um það ákvörðun að gera út á erfiðleika þjóðarbúsins sem eru að stærstum hluta heimatilbúnir þó nú hafi bæst við óhagstæð ytri skilyrði. Samfylkingin gerir út á erfiðleikana og notar þá til að þrýsta á um inngöngu Íslands í Evrópusambandið hafandi þó þagað að mestu um málið fyrir kosningar og samið um að aðild yrði ekki á dagskrá til að komast í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Framganga beggja stjórnarflokkanna í því máli sem fleirum veldur vaxandi áhyggjum.

Tal um upptöku evru eða inngöngu í Evrópusambandið sem lið í lausn þess vanda sem nú er við að glíma er flótti frá veruleikanum. Það sem þarf er að við tökumst á við ástandið sjálf, Íslendingar, og vinnum okkur út úr erfiðleikunum og það höfum við alla burði til að gera. Þingflokkur Vinstri grænna varar við því að kreppan sé mögnuð upp með óhóflegu svartsýnistali og grafið sé undan tiltrú á gjaldmiðilinn og möguleika þjóðarinnar til að standa á eigin fótum og þróa hér áfram á sjálfstæðum forsendum farsælt og blómlegt velferðarsamfélag í góðri sátt við náttúruna og sem byggir á grunngildum um sjálfbæra þróun.

Ráðleysi og deilur innan ríkisstjórnarinnar gera nú ekkert annað en auka vandann. Það sem þarf er bjartsýni og kjarkur til að takast á við erfiðleikana, erfiðleikana sem VG varaði við, erfiðleikana sem VG hefur undanfarin ár lagt til að tekist verði á við og erfiðleikana sem VG segir nú að menn eigi ekki

að mikla um of fyrir sér. Þó vissulega sé geigvænleg verðbólga, okurvextir, sveiflur í gjaldeyrismálum og aukin misskipting í samfélaginu, allt erfið vandamál sem kostar áttak að leysa, er það vel hægt. Með bjartsýni og kjark og trú á möguleika íslensks samfélags, mannauð þjóðarinnar og með vilja til að vinna sig út úr erfiðleikunum mun þjóðin sigrast á þessum vanda.

Í ljósi þess að ríkisstjórnin er ráðvillt og aðgerðalaus hefur þingflokkur Vinstri grænna samþykkt í dag að senda forsætisráðherra og forseta Alþingis bréf þar sem lagt er til að Alþingi komi saman til fundar strax að aflokinni verslunarmannahelgi til að ræða stöðuna í efnahags- og atvinnumálum og hvað vænlegast er að gera til að verja þjóðarþúið frekari áföllum, hefja endurreisn í þjóðarbúskapnum og endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Þingflokkurinn hefur jafnframt sent formönnum efnahags- og skattanefndar og fjárlaganefndar bréf þar sem lagt er til að nefndirnar komi þegar saman til sameiginlegra fundi og boði til sín helstu sérfræðinga á sviði ríkisfjármála og efnahagsmála sem og aðila vinnumarkaðarins og helstu hagsmunasamtök og verði þetta starf nefndanna til undirbúnings umfjöllunar Alþingis um stöðu mála í byrjun ágúst mánaðar.